

# Fréttapistill frá forseta Íslands

15. desember 2019

Fárviðrið í nýliðinni viku er okkar Íslendingum enn ofarlega í huga, enda er áfram glímt við eftirköst þess víða um land. Enn á ný fundum við hversu mikinn auð við eigum í björgunarsveitum, Landhelgisgæslu og öðrum sem víla ekki fyrir sér að halda á vettvang á neyðarstundu. Yfir þúsund liðsmenn björgunarsveita tóku þátt í yfir þúsund aðgerðum, í ofsaveðri og einatt við ýmsan annan vanda. Að öðrum ólöstuðum reyndi mest á alla þá sem leituðu Leifs Magnúsar Grétarssonar Thisland eftir slysið átakanlega við Núpá í Sölvadal. Blessuð sé minning hans.

Innilegar þakkir færi ég öllum þeim sem lögðu svo mikið af mörkum í björgunaraðgerðum hvarvetna. Og nú fara starfsmenn Rarik fyrir þeim sem laga það sem laga þarf þannig að fólk geti sinnt störfum sínum og notið aðdraganda jóla í birtu og yl. Þetta hjálparlið á einnig þakkir skildar.

Á Bessastöðum varð ekki tjón í veðurofsanum. Án efa hefur blásið enn harðar hér einhverja óveðursdaga áður fyrr. Kannski mætti grafa upp mælingar því til sönnunar og það var jú á þessum stað sem tíðarfar var fyrst mælt og skráð á Íslandi; danski vísindamaðurinn Niels Horrebow hófst handa um það árið 1749, mældi loftþrýsting og hita um tveggja ára skeið og kvaðst hissa á hvað hér væri hlýtt. En við þá sögu má bæta að fyrir fimm árum var komið fyrir veðurmælum við Bessastaði og þeir hafa aldrei mælt eins mikið rok og á þriðjudaginn var, rúmlega 27 metra á sekúndu að jafnaði og mun meira í hviðum.

Daginn áður en áhlaupið brast á fundaði ég með forystufólki í Félagi heyrnarlausra um ýmis hagsmunamál döff – heyrnarlausra og heyrnardaufra – á Íslandi. Á miðvikudaginn var átti ég reglubundna fundi með forsætisráðherra og utanríkisráðherra og fleiri voru fundirnir þótt þeir séu ekki í frásögur færandi. Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og öðrum ráðherrum, sem lögðu leið sína norður í land að fræðast um foráttuveðrið og eftirköst þess, óskaði ég góðrar ferðar.

Í gær, laugardag, var sóttum við Eliza Matarmarkað Íslands í Hörpu í Reykjavík. Bændur og aðrir athafnamenn höfðu þar á boðstólum varning sinn, kjötmeti og grænmeti, sósur og sjávarfang auk ýmissa annarra kræsinga, að ekki sé minnst á öl og annan drykk. Nú eru átta ár frá því að matarmarkaðurinn var fyrst haldinn og sífellt fjölgar þeim sem þar vilja kynna framleiðslu sína, einatt beint frá býli eða öðru búi. Þetta er aldeilis frábært framtak, gott dæmi um „eitthvað annað“ sem gjarnan ber á góma þegar rætt er um leiðir til að skapa atvinnu í landinu, og sýnir einnig mátt og megin duglegs fólks hvaðanæva af landinu.

Þennan sama dag naut ég tónleika Karla-kórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju en einnig náðum við fjölskyldan að kaupa okkar jólatré hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík (á myndinni að neðan erum við Eliza með tréð, íslenska stafafuru, og nokkrum úr sveitinni). Með því að leita til einvalaliðsins þarna tókst okkur einnig að sýna í verki þakklæti fyrir starf björgunarsveitanna í bráð og lengd. Ég hvet alla til að leiða hugann að því, og ekki síður þegar fólk fer að kaupa flugelda. Í þeim efnum gildir þó

líka hið fornkveðna að allt er gott í hófi og allt eins skynsamlegt að styrkja bara björgunarstarf í landinu með beinum hætti.

Ég óska öllum landsmönnum velfarnaðar og notalegra stunda í aðdraganda jóla.